



Ljóðasamkeppni Norðurorku

Vatnið

Ljóðið mitt

Velkomið er að myndskreyta ljóðið

heiti ljóðsins

Nafn höfundar: _____

Skóli: _____ bekkur: _____

Heimili: _____ sími: _____

Sveitarfélag: _____ netfang: _____



Hvers virði er mér vatnið?

Íslendingar eru lánsöm þjóð sem býr yfir miklum auðlindum ekki síst í formi kalda vatnsins og heita vatnsins. Okkur þykir flestum að vatnið sé sjálfsagt mál og nóg sé til af því. Okkur bregður í brún þá sjaldan að vatnslaut verður til dæmis vegna bilunar eða viðgerða. Sömuleiðis verður sjónarhornið annað á þessi miklu lífsgæði þegar við ferðumst erlendis og þurfum að kaupa neysluvatn á flöskum eða getum ekki farið í langa heita sturtu, hvað þá í heita sundlaug eða heitan pott. Enn skarpari verða skilin þegar við hugsum til þeirra sem hafa lítið vatn og þurfa þar að auki að bera það um langan veg til heimila sinna.

Hvað dettur okkur í hug þegar við förum yfir venjulegan dag í lífi okkar og skoðum hvenær og hvernig við notum vatn. Til hvers er vatnið notað? Við drekkum það, notum það í matreiðslu og hitum húsin með því. Við böðum okkur í því, syndum í því og búum til rafmagn með því. Vatnið er notað út um allt. Vatnið er ekki bara dásamlegt, það er líka lífsnauðsynlegt. En hvaðan kemur það? Hvernig kemst það í húsin til okkar? Hvert fer það þegar við erum búin að nota það? Út í náttúrunni sjáum við vatnið í ám, lækjum og vötnum og stundum rignir.

Ljóðasamkeppni nemenda grunnskólanna í Fjallabyggð, Hrísey, Hörgársveit, Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi.

Kept er í þremur flokkum:

- (1) nemendur í 1. – 4. bekk
- (2) nemendur í 5. – 7. bekk
- (3) nemendur í 8. – 10. bekk

Verðlaun verða veitt fyrir fyrsta, annað og þriðja sætið í hverjum flokki. Dómnefnd skipa Reynir Hjartarson kennari og Hólmfríður Andersdóttir bókavörður hjá Amtsbókasafninu á Akureyri og Birgir Sveinbjörnsson kennari, með dómnefndinni starfar fulltrúi Norðurorku Baldur Dýrfjörð.

Skilafrestur er til 13. maí 2011

Nokkur orð um ljóðagerð (heimild; <http://is.wikibooks.org/wiki/Lj%C3%B3%C3%B0hrif>)

„Hvers vegna upplifa menn ólíkar tilfinningar þegar ljóð eru lesin? Sennilega er það vegna þess að engin manneskja er eins og engin lífsreynsla er eins. Oftast setur lesandinn sig í spor ljóðmælandans og upplifir þar af leiðandi tilfinningar út frá sínum forsendum og sinni lífsreynslu.

Markmiðið með ljóðlist er að lýsa ákveðinni hugsun og tilfinningu skáldsins á veruleikanum, sem ljóðmælandinn upplifir og gefur um leið lesandanum tækifæri á að upplifa sínar tilfinningar og sína sýn á sama veruleika.

Talað er um óhefðbundin ljóð og hefðbundin ljóð. Hefðbundnu ljóðin tilheyra oftast eldri skáldum, meðan nútímaskáld yrkja meira óhefðbundið.

Munurinn má segja að liggi oftast í hrynjandanum, hefðbundnu ljóðin ríma og eru þjál í munni, orðin renna mjúkt fram og verða að fögnum hljómi, angurvær hljómur oft á tíðum. Óhefðbundnu ljóðin eru harðari í munni og lýsa oft harðari veruleika. Raunveruleikinn er naprari, það er ekki verið að skafa af hlutunum, þeir eru hafðir eins og þeir eru, engin rómantík sem umvefur andrúmsloftið eins og oft er hjá gömlu rómantísku skáldunum.“

Nánari upplýsingar og skýringar má finna á heimasíðu Norðurorku www.no.is

Með þátttöku sinni í ljóðasamkeppninni veitir höfundur Norðurorku rétt til að birta ljóðin án sérstaks endurgjalds en ætíð skal geta höfundar.

